



HAFNARFJÖRÐUR

Ársskýrsla 2019

Heilsubærinn Hafnarfjörður



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Hafnarfjörður

vellíðan fyrir alla

Hafnarfjörður 2020

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
Meginmarkmið Heilsustefnu Hafnarfjarðar	2
M-1 Efla vellíðan íbúa.....	2
M-2 Efla opin svæði og göngu- og hjólastíga.....	2
M-3 Jafna aðgengi og hvetja íbúa til að neyta hollrar fæðu.....	2
Stýrihópur heilsueflandi samfélags í Hafnarfirði	3
Samvinna við Landlæknisembættið	4
Verkefni heilsueflandi Hafnarfjarðar 2019	5
Rekstur verkefna 2019	8
Framundan	9
Samantekt	9
Lokaorð.....	9
Heimildir	9

Formáli

Hafnarfjörður hóf þátttöku í verkefni Landlæknis um heilsueflandi samfélag árið 2015 og undirritaði samkomulag þar um sama ár. Heilsueflandi stefna Hafnarfjarðar var gefin út árið 2017 og tengist hún öllum sviðum Hafnarfjarðarbæjar og hríslast út í allt samfélagið með tilheyrandi og viðeigandi samstarfi. Mikil samvinna og samráð er við Landlæknisembættið og þátttaka í vinnustofum embættisins með öðrum sveitarfélögum sem vinna að heilsueflandi samfélagi. Hafnarfjarðarbær ásetur sér að stuðla að aukinni vellíðan íbúa með heilsueflandi aðgerðum til frambúðar.

Stýrihópur um heilsueflandi samfélag gefur nú í annað skipti út ársskýrslu. Markmið skýrslunnar er að veita yfirsýn yfir þau verkefni sem stýrihópurinn hefur markað eða staðið að með einum eða öðrum hætti og stuðlað þannig að auknum tækifærum til heilsueflingar fyrir bæjarbúa í takt við þau markmið sem sett eru. Skýrslan fer yfir þau verkefni stýrihópsins sem unnið var að árið 2019 ásamt þeim verkefnum sem voru í bígerð í árslok.

Sveitarfélagið setti sér þrjú meginmarkmið með heilsustefnu:

Meginmarkmið Heilsustefnu Hafnarfjarðar

M-1 Efla vellíðan íbúa

Til að efla sjálfsmynd og vellíðan þarf að styrkja stoðir og hvetja alla aðila samfélagsins til að hafa áhrif, hvort sem um ræðir starfsfólk, foreldra eða aðra hlutaðeigandi. Samstarf við hagsmunaaðila er mikilvægt við nánari útfærslur á aðgerðum og upplýsingagjöf um þjónustu og lausnir er mikilvægur hlekkur í heildarmyndinni. Þannig er náð samstarf við alla aldurshópa lykillinn að árangri.

M-2 Efla opin svæði og göngu- og hjólastíga

Upplýsa þarf betur um þá útivistarmöguleika sem standa til boða í Hafnarfirði og í jaðri bæjarins og stuðla þannig að hreyfingu og útivist. Unnin verður heildarstefna um göngu- og hjólastíga og stuðlað að einfaldari og skýrari merkingum, samhliða því að gera kort að göngu- og hjólaleiðum innan bæjarins aðgengilegri. Tryggja þarf aðgengi fyrir alla á opnum svæðum og göngustígum og góða tengingu stíga við önnur bæjarfélög. Snjómokstur á gönguleiðum í leik- og grunnskóla bæjarins skal vera í forgangi svo tryggja megi að börn geti alltaf gengið í skólann.

M-3 Jafna aðgengi og hvetja íbúa til að neyta hollrar fæðu

Vinna þarf að fræðslu og tryggja jöfnuð í aðgengi að hollri fæðu í mannvirkjum og stofnunum á vegum bæjarins. Tryggja þarf aðgengi að vatni og fjölbreyttu fæðuvæði á öllum stofnunum bæjarins. Bærinn á að vera til fyrirmyndar í þessum efnum og öðrum hvatning. Einnig er verðugt að leggja áherslu á aukna ræktun matjurta meðal íbúa með ýmsum leiðum.

Stýrihópur heilsueflandi samfélags í Hafnarfirði

Stýrihópur um heilsueflandi samfélag er skipaður starfsfólki af öllum sviðum stjórnslu Hafnarfjarðarbæjar, fulltrúum frá leik- og grunnskóla ásamt fulltrúa Markaðsstofu. Hópurinn fundar aðra hvora viku þar sem rýnt er í hugmyndir sem falla að markmiðum um heilsueflandi samfélag, verkefnum hrundið í framkvæmd eða fundinn farvegur. Stýrihópurinn kallar jafnframt til sín aðila til að kynna fyrir hópnum verkefni, hugmyndafræði eða annað sem á erindi við heilsueflandi samfélag. Stýrihópurinn tekur á móti hugmyndum og á í samstarfi við aðila í samfélaginu um heilsueflandi verkefni, leitar nýrra leiða til að fræða og upplýsa samfélagið um heilsueflandi leiðir eða viðburði í takt við markmið sem sett hafa verið. Áhugi er fyrir því að auka samstarf við heilsugæslu, foreldrafélög, félag eldri borgara eða aðila sem koma með einum eða öðrum hætti að því að efla heilsu og velferð bæjarbúa. Starfshópurinn heyrir undir mennta- og lýðheilsusvið. Markmið hópsins er ávallt að vinna að verkefnum og hugmyndum sem falla að þeim markmiðum sem sveitarfélagið hefur sett sér til að stuðla að bættri heilsu íbúa Hafnarfjarðar.

Árið 2019 var stýrihópur skipaður eftirtöldum aðilum:

- Árdís Ármannsdóttir, samskiptastjóri, þjónustu- og þróunarsvið
- Ása Sigríður Þórisdóttir, framkvæmdastjóri, Markaðsstofa Hafnarfjarðar
- Geir Bjarnason, íþróttá- og tómstundafulltrúi, mennta- og lýðheilsusvið
- Gunnþóra Guðmundsdóttir, verkefnastjóri, umhverfis- og skipulagssvið
- Hrund Apríl Guðmundsdóttir, aðstoðarmaður fræðslustjóra, mennta- og lýðheilsusvið
- Hulda Sólveig Jóhannsdóttir, umsjónarkennari, Hvaleyrarskóli
- Inga Fríða Tryggvadóttir, leikskólastjóri, leikskólinn Smáralundur
- Linda Hildur Leifsdóttir, verkefnastjóri, mennta- og lýðheilsusvið
- Sjöfn Guðmundsdóttir, verkefnastjóri, fjölskyldu- og barnamálasvið
- Eva Rún Michelsen, verkefnastjóri Lífsgæðasetursins, stjórnslusvið

Undir lok ársins urðu starfsmannabreytingar þar sem Linda fluttist í annað starf á vegum bæjarins og í kjölfarið var rekstrarstjóri frístundastarfs, Sunna Magnúsdóttir gerð að starfsmanni og ritara stýrihópsins. Eva Rún kom inn í byrjun ársins sem fulltrúi Lífsgæðasetursins í St. Jó og stjórnslusviðs. Stýrihópurinn vann að fjölda verkefna á árinu 2019 og fékk einnig til sín aðila til að kynna hugmyndir að áhugaverðum verkefnum. Verkefnum er dreift yfir árið, sum hver árstíðarbundin, önnur ný tilkomin og enn önnur eru að skapa sér sess. Leitast er við að verkefni tengist markmiðum heilsueflandi samfélags og að þau móti leiðir að þeim markmiðum. Sum verkefnanna eru þess eðlis að þau eiga upphaf og endi en önnur eru tímalaus og eru sífellt í vinnslu og mynda þannig sístreymi að settum markmiðum. Stöðugt er verið að skoða og meta verkefni sem tengjast markmiðunum og hvernig hægt er að þróa og efla heilsueflandi samfélag í Hafnarfirði.

Samvinna við Landlæknisembættið

Fjöldi heilsueflandi samfélaga í landinu fer vaxandi og eru um 84% íbúa landsins búsettir í heilsueflandi sveitarfélögum. Landlæknisembættið vinnur að þróun mælikvarða eða lýðheilsuvísa sem eru til þess fallnir að veita yfirsýn yfir lýðheilsu eftir umdæmum. Í gegnum embættið hittast aðilar sveitarfélaga og miðla upplýsingum, efla tengslanetið og læra hvort af öðru um verkefni og leiðir sem hafa fallið vel að hugmyndafræði um heilsueflandi samfélag. Landlæknisembættið kallar reglulega til vinnustofu með aðilum frá öðrum heilsueflandi samfélögum. Samskipti við landlæknisembættið hefur almennt verið gott og auðvelt að nálgast upplýsingar og ráðgjöf þegar við á. Hjá embættinu er unnið að gerð gátlista varðandi heilsueflandi verkefni hjá þeim sveitarfélögum sem taka þátt í verkefninu þar sem hægt er að greina mat á árangri þeirra verkefna sem hrint er í framkvæmd. Einnig er unnið að miðlægu tölfræðimælaborði þar sem hægt verður að skoða stöðu íbúa sveitarfélaga í samanburði við aðra. Þessi gagnavinnsla mun byggjast á fjölmörgum miðlægum gagnabönkum, sjá mynd:



Hvaðan koma gögn í lýðheilsuvísa?

Heilbrigðisskrár landlæknis	Reglubundnar kannanir
Fæðingaskrá	Heilsa og líðan Íslendinga (EL)
Dánarmeinaskrá	Vöktun áhrifaþátta (EL)
Krabbameinsskrá	Ungt fólk (Rannsóknir og greining)
Lyfjagagnagrunnur	Gögn frá Hagstofu
Vistunarskrá sjúkrahúsa	Gögn frá Sjúkratryggingum
Samskiptaskrá heilsugæslu	Gögn frá Menntamálastofnun
Færni og heilsumatsgrunnur	
Bólusetningaskrá sóttvarnalæknis	



Merki HSAM hefur mikið vægi hjá Hafnarfjarðarbæ og hluti af undirskrift í tölvupóstum starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar, fast merki á starfsmannakortum, fánar hanga uppi við sundlaugar og víðar þegar við á auk þess sem merkið er nýtt á öllum viðburðum sem eru á vegum heilsueflandi samfélags í Hafnarfirði.

Verkefni heilsueflandi Hafnarfjarðar 2019

Meðfylgjandi er yfirlit yfir helstu verkefni sem unnið var að á árinu 2019. Verkefnum hefur verið skipt niður eftir markmiðum heilsustefnu enda um að ræða rauðan þráð í gegnum öll verkefni og framkvæmdir heilsueflandi samfélags í Hafnarfirði.

M-1 Efla vellíðan íbúa	M-2 Efla opin svæði og göngu- og hjólastíga	M-3 Jafna aðgengi og hvetja íbúa til að neyta hollrar fæðu
VERKEFNI	VERKEFNI	VERKEFNI
<ul style="list-style-type: none"> ● SíBS heilsufarsmælingar ● Lífshlaupið ● Kynning á núvitund fyrir alla leik- og grunnskóla sem þess óska ● Vöxtur og vellíðan opinn fræðslufundur um hvatningu og markmiðastetningu í Bæjarbíói ● Hafnarborg verður virkur þátttakandi í heilsuþæjarverkefninu ● Ratleikur sumar 2019 og uppskeruhátíð ● Frítt í sund fyrir börn og bæjarstarfsmenn ● Frítt bókasafnsskírteini fyrir starfsmenn ● Betri svefn, opin fræðslufundur í Bæjarbíói ● Fyrirmyndar hafnfirðingurinn ● Innleiðing á núvitund í leikskólann Smáralund ● Fræðsla frá Hugufrún um geðvernd og geðsjúkdóma fyrir 9. bekk grunnskóla ● Lífsgæðasetrið St. Jó 	<ul style="list-style-type: none"> ● Sumargöngur 2019 ● Haustgöngur með Ferðafélagi Íslands ● Hjólreiðamiðstöð í upplandi ● Brúkum bekki ● Útilífsmiðstöð Hafnarfjarðar ● Loftgæði í Hafnarfirði ● Göngustígar skipulag og framtíðarsýn ● Flensborgarhlaupið ● Hamarskotslækjar hlaupið ● Göngustígagerð með Landgræðslunni ● Endurskinsmerki f. yngstu árganga grunnskóla og eldri bæjarbúa ● Gönguskíðabrautir hjá Keili og Víðistaðatúni 	<ul style="list-style-type: none"> ● Nýr samningur um matarmál grunnskóla, ávaxtastund og hafragrautur að morgni ● Vatnsbrunnar í Hafnarfirði, aðgengi

- Forvarnarfræðsla um munntóbak og rafrettur
- Aukinn frístundastyrkur
- Janusar verkefni, heilsuefling fyrir eldri borgara Hafnarfjarðar
- Rannsóknin Ungt fólk
- Hljóðvistarmál í stofnunum Hafnarfjarðar.

Önnur heilsueflandi verkefni

- Umsókn um styrki úr Lýðheilsusjóði: vegna aðlögunar barna innflytjenda í tómstundastarfið vegna fjölgunar á heilsueflandi skólum í Hafnarfirði
- Flensborgarhlaup, kynning og stuðningur
- Skilti fyrir heilsuþæinn. Umræður um bæjarmerki og merkingar stofnanna
- Kaldárhlaup, kynning og stuðningur
- Merkingar í íþróttamannvirki bæjarins
- Hljóðvist í leik- og grunnskólum - hljóðvistarplötur
- Vinnustofur Landlæknisembættisins sem stýrir verkefninu.

Í lok árs 2019 eru eftirfarandi verkefni í vinnslu Tímaáætlun

Endurskinsmerki dreifing	Janúar
Kynnt frítt í sund fyrir börn	
Matarnámskeið með Sollu	
Samstarf við SÍBS heilsufarsmælingar	febrúar
Fræðsla um geðsúkdóma og viðbrögð með Huguínu	

Fundur með stýrihópi um HSAM í Hafnarfirði og fulltrúum úr heilsueflandi skólum bæjarins	
Vinna með mælikvarða verkefna Viðburður í Bæjarbío: Útivera og samvera sem heilsuefling	Mars
Viðburður í Bæjarbío Aðlögun barna innflytjenda að tómsundastarfi	Apríl 2-3 ára verkefni
Norræna lýðheilsuráðstefnan	Júní

Rekstur verkefna 2019

Gestabækur	150.000 kr	Hafniríðingur ársins
Geðfræðsla	300.000 kr	Hugrún styrkur, fræðsla í 9. bekki
ID electronic ehf.	61.516 kr	Taltæki magnari
Pixel ehf	6.577 kr	Ávísun
Brauð Útgerð ehf.	18.900 kr	Hugrún boð
Silkiprent ehf.	108.624 kr	30 fánar
Bros auglýsingavörur ehf.	46.146 kr	bolir v mælinga og útskurður litapr.
Bros auglýsingavörur ehf.	193.428 kr	1000 endurskinsmerki
Rannsóknir og greining ehf.	472.346 kr	
Íslandspóstur ohf.	265.703 kr	matarmiði inn á hvert heimili
Heilsufélagið ehf.	35.000 kr	9. jan fræðsluerindi bæjarbíó
Núvitundarsetrið ehf.	580.000 kr	Námskeið f. 2 starfsmenn
Blómabúðin Burkni ehf. Heilsuþærir	24.572 kr	blóm
Guðný Gígja Skjaldardóttir	120.000 kr	9. jan fræðsluerindi bæjarbíó
Bæjarbíó slf.	141.422 kr	9.jan
Nolta - Nordic leadership t eh	249.090 kr	Nolta 9. jan
Heilsumiðstöð SÍBS ehf.	50.000 kr	Síbs
Hönnunarhúsið ehf	84.903 kr	Rathleikur 2018 leiðr.
M.Ó. Stefánsson ehf.	30.000 kr	9.jan
JJMusic slf.	700.230 kr	Rafrettu og munntóbaksfr. í 15 bekki
Styrktarfélagið Líf	100.000 kr	Styrkur, ganga upp Helgafell
Hönnunarhúsið ehf	200.000 kr	Rathleikur
Inspire ehf.	400.000 kr	Ávaxtastund 2 x skólar vorönn
Fanney Rós Magnúsdóttir	25.000 kr	Lýðheilsuganga 20. jún
Inspire ehf.	80.000 kr	Ávaxtastund lok
Kolbrún Kristínardóttir	25.000 kr	Ganga með börn
Jónatan Garðarsson	30.000 kr	Ganga frá Setbergsskóla
Tryggvi Rafnsson	40.000 kr	Matarganga
Hönnunarhúsið ehf	300.001 kr	Rathleikur
Kretz ehf.	75.235 kr	Íþróttarálfur Hvalerarvatn ganga
Flensborgarskóli	100.000 kr	Flensborgarhlaupið
Jónatan Garðarsson	20.000 kr	Haugtgöngur Krísvík
Namaste ehf.	150.000 kr	Svefn er allt sem þarf utanumhald
Klapp ehf.	150.450 kr	Valdimar á Svefninum
Klapp ehf.	150.450 kr	Salka Sól á svefninum
Erna Sif Arnardóttir	40.000 kr	Fyrirlestur um hrotur
Bæjarbíó slf.	158.224 kr	leiga á sal
Gönguskíðabraut	150.000 kr	
Samtals	5.832.817 kr	

Framundan

Framundan er að vinna frekar úr og með tölulegar upplýsingar á markvissan hátt líkt og landlæknir hvetur til og að íhlutun á vegum heilsueflandi samfélags sé sannarlega að bregðast við þeim upplýsingum sem þar koma fram. Áfram verður unnið að því að auka sýnileika heilsueflandi samfélags með verkefnum sem ná út í samfélagið og eiga í samvinnu við aðila sem koma að heilsueflingu með einum eða öðrum hætti. Á komandi ári verður unnið að því að fjölga heilsueflandi skólum í Hafnarfirði. Skoðaðar leiðir til að fjölga göngustígum og merkingum í upplandinu. Vinna að verkefni sem styður við þátttöku barna innflytjenda í frístundastarfinu í sveitarfélaginu. Opin fræðslukvöld í Bæjarbíó sem taka á heilsutengdum málefnum hverju sinni verða haldin á hverri önn.

Samantekt

Þegar horft er yfir farinn veg gefur að líta fjölmörg verkefni sem heilsueflandi samfélag í Hafnarfirði hefur verið í forsvari fyrir og eru til fyrirmyndar. Stýrihópur lítur ávallt til þess hvort þau verkefni sem hrint er í framkvæmd falli að þeim markmiðum sem sett voru í upphafi. Stýrihópurinn hefur stöðugt leitað leiða til að finna verkefni og koma á samstarfi þar sem möguleiki er á að heilsueflandi markmið nái út í samfélagið með einum eða öðrum hætti. Ákveðin verkefni eru að festa sig í sessi á sama tíma og nýjum heilsueflandi samstarfsverkefnum hugmyndum er vel tekið.

Lokaorð

Heilsueflandi samfélag í Hafnarfirði hefur nú unnið sér fastan sess og sama má segja um fjölda verkefna sem unnin hafa verið í nafni þess. Þau verkefni sem á. Stýrihópurinn vinnur að því að hafa heilsuna og heilbrigða lífshætti að leiðarljósi í öllum verkefnum. Það er ánægjulegt að æ fleiri líta til heilsueflingar og markmiða sem sett hafa verið í Hafnarfirði þegar verið er að hrinda verkefnum í framkvæmd. Þannig má sjá að heilsuefling hefur náð að fléttast inn í margvísleg svið og verkefni sem Hafnarðarfjarðarbær stendur fyrir eða er aðili að. Heilsuefling er langhlaup og það er hafið.

Heimildir

Ársskýrsla Landlæknisembættisins

https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item37471/2018_Arsskyrsla_Embaetti_landlaeknis.pdf